

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Bjarki Traustason <bjarkit@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 31. janúar 2024 00:25  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Subject:** Re: Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps

Sæl Hulda,

Nú á nýju fjárhagsári langaði mig að endurtaka fyrirspurn mína frá því í fyrra sem er hér fyrir neðan og krosslegg fingur um að gert hafi verið ráð fyrir slíkum styrkjum núna í ár 😊

mínar bestu kveðjur,  
Bjarki Traustason

---

**From:** Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>  
**Sent:** 03 October 2023 13:20  
**To:** 'Bjarki Traustason' <bjarkit@gmail.com>  
**Subject:** Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps

Sæll Bjarki.

Hér er bókun sveitarstjórnar frá 287. fundi sveitarstjórnar þann 3. október 2023 vegna erindis frá þér:

**„Erindi frá Bjarka Traustasyni f.h. Félags lóðaeiganda í Mörk og Merkurhrauni – Ósk um styrk vegna veghalds.**

Fyrir liggur ósk um styrk vegna veghalds frá Bjarka Traustasyni fyrir hönd Félags lóðaeiganda í Mörk og Merkurhrauni. Óskað er eftir styrk til veghalds á veghlutanum sem liggur frá Skeiðavegi og inn að gámasvæði innan sumarhúsasvæðisins, í heild 500 metra, og þess farið á leit við sveitarfélagið að veittur verði styrkur til kaupa á tveimur bílum af efni sem myndi nýtast við planið við gámana og aðeins inn veginn. Áætlað verð fyrir tvo bíla er um 90 þúsund krónur samkvæmt erindi.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Sveitarfélagið hefur ekki verið að veita styrki vegna veghalds í frístundabyggðum. Ekki er gert ráð fyrir styrkjum til veghalds í fjárhagsáætlun ársins 2023 og á þeim forsendum hafnar sveitarstjórn innsendri ósk um styrk til veghalds.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Elín Höskuldsdóttir vék af fundi.“

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveður  
Hulda

---

Hulda Kristjánsdóttir  
Sveitarstjóri Flóahrepps  
[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)  
[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) | 480 4370 | Þingborg



Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.